

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 99/2007**

**frá 28. september 2007**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2007 frá 6. júlí 2007 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar eldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum <sup>(2)</sup> ásamt leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 140, 1.6.2007, bls. 59, og Stjtið. ESB L 239, 12.9.2007, bls. 70.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/911/EB frá 5. desember 2006 um breytingu á tilskipunum ráðsins 64/432/EBE, 90/539/EBE, 92/35/EBE, 92/119/EBE, 93/53/EBE, 95/70/EB, 2000/75/EB, 2001/89/EB, 2002/60/EB og ákvörðun 2001/618/EB að því er varðar skrár yfir innlendar tilvísunarrannsóknarstofur og ríkisstofnanir <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/104/EB frá 15. febrúar 2007 um breytingu á ákvörðun 2002/300/EB að því er varðar svæði sem falla ekki undir skrána yfir samþykkt svæði með tilliti til *Bonamia ostreae* <sup>(4)</sup>.
- 5) Með tilskipun 2006/88/EB eru felldar úr gildi, frá 1. ágúst 2008 að telja, tilskipanir ráðsins 91/67/EBE <sup>(5)</sup>, 93/53/EBE <sup>(6)</sup> og 95/70/EB <sup>(7)</sup>, en þær hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum frá 1. ágúst 2008 að telja.
- 6) Ákvörðun þessi á ekki að gilda að því er varðar Liechtenstein.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 8. lið (tilskipun ráðsins 95/70/EB) í hluta 3.1:

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 328, 13.12.2007, bls. 6, og EES-viðbætur nr. 60, 13.12.2007, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 346, 9.12.2006, bls. 41.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 46, 16.2.2007, bls. 51.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 175, 19.7.1993, bls. 23.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 332, 30.12.1995, bls. 33.

„8a. **32006 L 0088**: Tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðis-kröfur að því er varðar eldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum (Stjtíð. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 140, 1.6.2007, bls. 59, og Stjtíð. ESB L 239, 12.9.2007, bls. 70.

Þessi gerð gildir einnig að því er varðar Ísland.“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 5. lið (tilskipun ráðsins 91/67/EBE) í hluta 4.1:

„5a. **32006 L 0088**: Tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðis-kröfur að því er varðar eldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum (Stjtíð. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 140, 1.6.2007, bls. 59, og Stjtíð. ESB L 239, 12.9.2007, bls. 70.

Þessi gerð gildir einnig að því er varðar Ísland.“

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 65. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/300/EB) í hluta 4.2:

„– **32007 D 0104**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/104/EB frá 15. febrúar 2007 (Stjtíð. ESB L 46, 16.2.2007, bls. 51).“

4. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 4. lið (tilskipun ráðsins 91/67/EBE) í hluta 8.1:

„4a. **32006 L 0088**: Tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðis-kröfur að því er varðar eldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum (Stjtíð. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 140, 1.6.2007, bls. 59, og Stjtíð. ESB L 239, 12.9.2007, bls. 70.

Þessi gerð gildir einnig að því er varðar Ísland.“

5. Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (tilskipun ráðsins 2001/89/EB), 4. lið (tilskipun ráðsins 92/35/EBE), 7. lið (tilskipun ráðsins 93/53/EBE), 8. lið (tilskipun ráðsins 95/70/EB), 9. lið (tilskipun ráðsins 92/119/EBE), lið 9a (tilskipun ráðsins 2000/75/EB) og lið 9b (tilskipun ráðsins 2002/60/EB) í hluta 3.1, 1. lið (tilskipun ráðsins 64/432/EBE) og 4. lið (tilskipun ráðsins 90/539/EBE) í hluta 4.1 og 64. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/618/EB) í hluta 4.2:

„– **32006 D 0911**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/911/EB frá 5. desember 2006 (Stjtíð. ESB L 346, 9.12.2006, bls. 41).“

6. Texti 7. liðar (tilskipun ráðsins 93/53/EBE) og 8. liðar (tilskipun ráðsins 95/70/EB) í hluta 3.1, 5. liðar (tilskipun ráðsins 91/67/EBE) í hluta 4.1 og 4. liðar (tilskipun ráðsins 91/67/EBE) í hluta 8.1 falli brott frá 1. ágúst 2008 að telja.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/88/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 140, 1.6.2007, bls. 59, og Stjtíð. ESB L 239, 12.9.2007, bls. 70, og ákvarðana 2006/911/EB og 2007/104/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.